



Starfsskýrsla og reikningar FRÍ

2010-2012

58. Frjálsíþróttaping
Selfossi 16. og 17. mars 2012



1912-2012



Dagskrá

Föstudagur 16. mars

- 17.00 Setning**
17.05 Kosning þingforseta og ritara
 Kosning nefnda þingsins:
 1. Kjörbréfanefnd
 2. Fjárhagsnefnd
 3. Laganefnd
 4. Allsherjarnefnd
- 17.15 Skýrsla stjórnar – ávörp gesta**
18.15 Kvöldverður – Afhending heiðursviðurkenninga
19.00 Skýrsla stjórnar, framhald.
 Reikningar fyrir árin 2010 og 2011 lagðir fram
 Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
- 20.00 Fjárhagsáætlun til næstu tveggja ára**
20.15 Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum
20.30 Aðrar tillögur
21.00 Nefndarstörf

Laugardagur 17. mars

- 09.00 Framhald nefndarstarfa**
10.30 Afgreiðsla mála
11.30 Umræður
12.00 Hádegisverðarhlé
13.00 Afgreiðsla mála (frh.)
14.00 Kosningar
 Kosning formanns og annarra stjórnarmanna
 og varastjórnar
 Kosning nefndarformanna
 Kosning 2 skoðunarmanna reikninga
 Kosning fulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ
- 14.30 Önnur mál.**
15.00 Þingslit.

Þökkun

	Þökkun	Þingslit
HHF	92	3
HSH	151	5
HSK	633	10
HSS	111	4
HSV	122	4
HSP	218	6
ÍBA	279	6
ÍBH	1,065	14
ÍBR	1,156	15
ÍBV	68	3
UDN	56	3
ÚÍA	172	5
ÚÍF	32	2
UMSB	113	4
UMSE	337	7
UMSK	454	8
UMSS	248	6
USAH	148	4
USÚ	103	4
USVH	0	0
USVS	92	3
.....		
Samtals	5,650	116

Þingslit

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	4
Viðaukar – Skýrslur nefnda	10
Íslandsmet sett árin 2010	14
Íslandsmet sett árið 2011	17
Ársreikningar FRÍ fyrir 2010	21
Rekstrarreikningur	22
Efnahagsreikningur	23
Skýringar	24
Sundurliðanir	25
Ársreikningar FRÍ fyrir 2011	29
Rekstrarreikningur	30
Efnahagsreikningur	31
Skýringar	32
Sundurliðanir	33
Lög FRÍ	36

Höfundar efnis: Stefán Halldórsson, Jónas Egilsson, Þórey Edda Elisdóttir, Ásbjörn Karlsson, Birgir Guðjónsson, Felix Sigurðsson, Friðrik Þór Óskarsson, Gunnlaugur Júlíusson, Ólafur Guðmundsson, Sigurður Haraldsson, Trausti Sveinbjörnsson, Þórunn Erlingsdóttir **Ljósmyndir:** Gunnlaugur Júlíusson, Hafsteinn Óskarsson, FRÍ **Umbrot:** Bergþóra Huld Birgisdóttir **Prentun:** Prentmet

Skýrsla stjórnar

Stjórn, nefndir og starfslið

Stefán Halldórsson var kjörinn nýr formaður FRÍ á þingi sambandsins sem haldið var í Hafnarfirði 27. og 28. febrúar 2010. Í stjórn voru kosin þau Benóný Jónsson, Hannes Strange, Sigurður Ingvarsson og Unnur Sigurðardóttir. Í varastjórn voru kosin þau Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Birgir Guðjónsson, Felix Sigurðsson, Haraldur Bóason og Katrín Sveinsdóttir. Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Benóný varð varaformaður, Sigurður ritari og Hannes gjaldkeri. Í ársbyrjun 2011 hóf Unnur störf á skrifstofu sambandsins og tók þá Aðalbjörg sæti hennar í aðalstjórn, en Unnur fluttist síðan af landi brott síðsumars og lét þá af störfum í stjórn. Stjórnin hélt alls 25 bókaða fundi á starfstímabilinu auk annarra óformlegra funda og funda með sambandsaðilum.

Með nýjum lögum voru formenn flestra starfsnefnda kosnir á þingi. Þeir voru: Sigurður Pétur Sigmundsson formaður almenningshlaupaneftar, Jónas Egilsson formaður fræðslu- og útbreiðslunefndar, Ásbjörn Karlsson formaður laganeftar, Sigurður Haraldsson formaður mannvirkjaneftar, Ólafur Guðmundsson formaður mótaneftar, Gunnlaugur Júlíusson formaður ofurhlauparáðs, Birgir Guðjónsson formaður tæknineftar, Þórunn Erlingsdóttir formaður unglínganeftar og Trausti Sveinbjörnsson formaður öldungaráðs. Gjaldkeri er sjálfkrafa formaður fjárhagsneftar og formaður FRÍ er formaður orðunefndar. Stjórn FRÍ skipaði Jón Sævar Þórðarson formann íþrótt- og afreksneftar og Íþróttamannaneftar kaus Sölvi Guðmundsson sem formann.

Á þinginu var kosin starfsneft til að gera tillögur um breytingar á aldursflokkinum unglínga. Hana skipuðu: Gísli Sigurðsson, Helgi S. Haraldsson og Þráinn Hafsteinnsson. Þorsteinn Þorsteinnsson var skipaður formaður neftar til að gera tillögur um nýtt fræðsluferfi fyrir dómara. Jónas Egilsson og Aðalbjörg Hafsteinsdóttir voru skipuð fulltrúar FRÍ í framkvæmdaneft Norðurlandameistaramóts 19 ára og yngri sem fram fór á Akureyri síðsumars 2010. Sigurði Haraldssyni, Jónasi Egilssyni og Þorsteini Þorsteinessyni var falið að undirbúa 1. mannvirkjaþing FRÍ sem haldið var í Reykjavík í febrúar 2012.

Sigurður Ingvarsson var skipaður formaður undirbúningsneftar vegna Evrópubíkarkeppninnar sem fram fór í Reykjavík í júní 2011. Aðrir í nefndinni voru: Stefán Halldórsson, Magnús Jakobsson, Jónas Egilsson, Jóhannes Baldursson, Sigurður Haraldsson og Unnur Sigurðardóttir.

Fulltrúar FRÍ í undirbúningsneft vegna RIG 2011 voru Stefán Halldórsson og Jónas Egilsson sem starfsmaður. FRÍ gerði samning við frjálsíþróttadeildirnar í Reykjavík um að leigja þeim starfsmann

til að vinna að undirbúningi og framkvæmd RIG-leikanna 2012 og var Þórey Edda Elísdóttir fengin til starfans.

Nýkjörin stjórn FRÍ ákvað í mars 2010 að ráða Jónas Egilsson sem framkvæmdastjóra sambandsins, en hann hafði gegnt starfinu tímabundið sumarið 2009 og aftur frá febrúar 2010 samhliða undirbúningi síðasta Frjálsíþróttabings. Unnur Sigurðardóttir hélt áfram störfum sem verkefnastjóri vegna landsliðsmála og kom síðan í fullt starf í ársbyrjun 2011 þegar undirbúningur að Evrópubíkarkeppninni bættist við, fram í júlímánuð það ár. Þórey Edda Elísdóttir var ráðin í hálf starf frá 1. nóvember 2011 sem verkefnastjóri í fjáröflunar- og útbreiðsluverkefnum, ásamt því að sinna undirbúningi fyrir Ólympíuleikana 2012. Þórunn Erlingsdóttir var ráðin í hlutastarf í mars 2010 sem verkefnastjóri unglíngamála FRÍ.

Þorsteinn Þorsteinnsson er fulltrúi FRÍ í Norrænu tæknineft sem hittist annað hvert ár og verður næsti fundur nefndarinnar á Íslandi haustið 2012. Þórdís Gísladóttir var skipuð í allsherjarneft EAA haustið 2011. Jónas Egilsson var kjörinn öðru sinni í stjórn Frjálsíþróttasambands Evrópu í apríl 2011 og hann á sæti í fræðslunefnd sambandsins. Hann var einnig kjörinn formaður Frjálsíþróttasambands Evrópskra smáþjóða í nóvember 2011.

Fjármál og rekstur

Afkoma sambandsins var í jánnum undanfarin tvö ár og lausafjárskortur var sambandinu erfiður. Dálíttill rekstrarhagnaður varð bæði árin, en heildarskuldir jukust um 3,9 mkr. á tímabilinu og alls voru um 8 mkr. í vanskilum í árslok 2011. Meginástæðurnar eru tvær: Sambandinu hefur gengið treglega að innheimta viðskiptakröfur og höfðu þær hækkað um tæpar 3 mkr. á tímabilinu. Að auki er eigið fé neikvætt (skuldir umfram eignir) um 5,4 mkr. Tekjuöflun hefur orðið erfiðari síðustu árin vegna efnahagsástandsins, en óhjákvæmilegt er að grípa til aðgerða til að greiða upp skuldir sambandsins og tryggja því eðlilegt rekstrarfé. Samanlagður vaxtakostnaður sambandsins undanfarin 10 ár er mun meiri en sem nemur hinu neikvæða eigin fé. Fjárskorturinn hefur m.a. bitnað á útbreiðslu- og fræðslustarfi FRÍ og vegna þröngrar fjárhagsstöðu ákvað stjórn sambandsins að taka ekki þátt í kostnaði keppenda vegna Norðurlandamóts 22 ára og yngri haustið 2010 og heldur ekki vegna árlegs Vetrarkastmóts EAA.

Starfsemi skrifstofunnar hefur verið með hefðbundnum hætti. Helstu verkefni hennar eru umsýsla vegna meistaramóta og bíkarkeppna FRÍ, skipulagning þátttöku á vegum sambandsins í mótum erlendis, þjónusta við sambandsaðila, upplýsingagjöf og erlend samskipti. Einnig sinnir skrifstofan í auknum mæli markaðsmálum

og vaxandi þáttur er skýrsluskil og eftirfylgni með verkefnum og styrkveitingum, aðallega til IAAF, EAA og ÍSí. Sambandið fær styrki úr ríkissjóði, frá IAAF og EAA til skrifstofuhalds og eftirfylgni með málum sem bæði IAAF og EAA gera kröfur um að sé sinnt.

Íþrótt- og afreksmál

Íþrótt- og afreksnefnd er að jafnaði virkust nefnda FRÍ. Hún hélt fjölmarga fundi undir stjórn Jóns Sævars Þórðarsonar, kom að vali keppenda í landslið og til þátttöku á alþjóðlegum mótum sem FRÍ ákvað þátttöku í og átti einnig hlut að undirbúningi umsókna um styrki til afreksfólks.

Afreksstyrkir

Alls fá 16 frjálsíþróttamenn afreksstyrki frá ÍSí og Ólympíusamhjálpinni á árinu 2012. Ásdís Hjálmsdóttir er eini íslenski íþróttamaðurinn sem fær A-styrk, en B-styrk fá Helga Margrét Þorsteinsdóttir, Bergur Ingi Pétursson, Óðinn Björn Þorsteinsson og Kári Steinn Karlsson. Auk þeirra fengu 11 frjálsíþróttamenn eingreiðslustyrki úr afreksjóðnum. Þær Ásdís og Helga Margrét fá einnig styrk frá Ólympíusamhjálpinni.

Landslið Íslands

Unnur Sigurðardóttir, verkefnastjóri landsliðsmála frá vori 2009 til hausts 2011 kom með tillögu að landsliðshópi til íþrótt- og afreksnefndar FRÍ bæði fyrir Smáþjóðleika og Evrópubíkarkeppni árin 2010 og 2011. Endanlegur landsliðshópur var valinn í samráði við nefndina. Unnur stýrði síðan landsliðinu á mótunum.

Ólympíuhópur FRÍ fyrir London 2012

Í lok árs 2011 var myndaður Ólympíuhópur Frjálsíþróttasambandsins með þeim einstaklinum sem líklegastir þykja til að ná lágmarki á Ólympíuleikana í London 2012. Tvö þeirra hafa þegar náð lágmarkinu á leikana, Ásdís Hjálmsdóttir og Kári Steinn Karlsson. Hópurinn er eftirfarandi:

Viðurkenningar

FRÍ veitti að venju viðurkenningar þeim íþróttamönnum sem skarað höfðu fram úr á hverju ári.

Vegna ársins 2010

- **Óvæntasta afrek:** Sveinbjörg Zophoníasdóttir, USÚ, fyrir 6,10 m í langstökki. Hún náði einnig 8. sæti á Heimsmeistaramóti unglinga í Moncton, Kanada, þegar hún stökk 5,94 m.
- **Mestu framfarir:** Þorsteinn Ingvarsson langstökkvari, HSP, fyrir 7,79 m og 1082 stig. Hann bætti sig um 39 sm í greininni.
- **Besta afrek unglings yngri en 20 ára:** Helga Margrét Þorsteinsdóttir, Ármanni, fyrir 5.706 stig í sjöþraut og 3. sæti á Heimsmeistaramóti unglinga í Moncton, Kanada.
- **Besta spretthlaupsafrek:** Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir, ÍR, fyrir árangur í 100 m hlaupi 12,33 s og 955 stig og 200 m hlaupi 25,04 s og 973 stig.
- **Frjálsíþróttakarlar 2010:** Óðinn Björn Þorsteinsson, FH, fyrir 19,37 m í kúluvarpi og 1082 stig.
- **Frjálsíþróttakona 2010:** Ásdís Hjálmsdóttir spjótkastari úr Ármanni. Hún kastaði 60,72 m á árinu og fékk fyrir það 1082 stig. Ásdís náði einnig 10. sæti á Evrópumeistaramótinu í Barcelona.
- **Frjálsíþróttamaður ársins 2010:** Ásdís Hjálmsdóttir, Ármanni.

Vegna ársins 2011

- **Óvæntasta afrek:** Kári Steinn Karlsson, Breiðabliki, fyrir 2 klst. 17,12 mín. í maraþonhlaupi. Með því setti hann Íslandsmet í greininni og náði lágmarki á Ólympíuleikana í London 2012.
- **Mestu framfarir:** Aníta Hinriksdóttir, ÍR, bætti árangur sinn í 800 m hlaupi um tæpar 10 sek. Hún hljóp vegalengdina best á 2 mín. 08,64 sek. og varð Norðurlandameistari unglinga. Að auki bætti hún árangur sinn í 1500 m hlaupi um rúmar 16 sek. er hún hljóp á tímanum 4 mín. 28,59 sek. og varð í 3. sæti á Norðurlandamóti unglinga. Hún var best íslenskra kvenna á árinu í báðum greinum.

Ólympíuhópurinn

Íþróttamaður	Félag	Þjálfari	PB	ÓL B
Ásdís Hjálmsdóttir	Ármann	Stefán Jóhannsson	61,37	59,00
Bergur Ingi Pétursson	FH	Per Karlsson	74,48	74,00
Einar Daði Lárusson	ÍR	Þráinn Hafsteinsson	7587	7950
Helga Margrét Þorsteinsdóttir	Ármann	Agne Bergvall	5878	5950
Kári Steinn Karlsson	Breiðablik	Gunnar Páll Jóakimsson	2:17.12	2:18,00
Kristinn Torfason	FH	Jónas Hlynur Hallgrímsson, Einar Þór Einarsson og Ragnheiður Ólafsdóttir	7,67/7,77i	8,10
Óðinn Björn Þorsteinsson	FH	Helgi Þór Helgason	19,83/19,50i	20,00
Þorsteinn Ingvarsson	HSP	Þráinn Hafsteinsson, Jón F. Benónýsson	7,79/7,65i	8,10

- **Besta afrek unglings 20 ára og yngri:** Helga Margrét Þorsteinsdóttir, Ármanni, náði 5.856 stigum í sjöþraut eða 1069 stigum samkvæmt stigatöflu IAAF.
- **Besta spretthlaupsafrek:** Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir, ÍR, í 100m hlaupi 12,09 sek. og 977 stig og 200m hlaupi 24,58 sek. og 1010 stig.
- **Frjálsíþróttakarlar 2011:** Kári Steinn Karlsson, Breiðabliki, fyrir 2 klst. 17,12 mín. í maraþonhlaupi.
- **Frjálsíþróttakona 2011:** Ásdís Hjálmsdóttir spjótkastari, Ármanni, fyrir 59,15 m á heimsmeistaramótinu í Daegu, Suður Kóreu, er hún varð í 13. sæti.
- **Frjálsíþróttamaður ársins 2011:** Ásdís Hjálmsdóttir, Ármanni.

Þátttaka í alþjóðlegum mótum

Mót árið 2010

Tveir keppendur voru valdir til þátttöku í úrtökumóti Evrópu í Moskvu vorið 2010 fyrir Ólympíuleika æskunnar, þær Stefanía Valdimarsdóttir, Breiðabliki, og Dóróthea Jóhannesdóttir, ÍR. Vegna flókinna reglna við val keppenda á leikana sem fram fóru í Singapore um sumarið var ljóst fyrirfram að Ísland átti litla möguleika á þátttöku í frjálsíþróttakeppninni.

Fimm keppendur voru valdir til þátttöku í Norðurlandamóti í fjölþrautum í Randers í Danmörku. Ingi Rúnar Kristinsson, Breiðabliki, fékk silfurverðlaun í piltaflokki 17 ára og yngri og Arna Stefanía Guðmundsdóttir, ÍR, bronsverðlaun í stúlknaflokki 17 ára og yngri.

Evrópubikarkeppnin í 3.deild fór fram á Möltu. Íslendingar tefldu fram 32 manna liði sem náði 4. sæti. Ásdís Hjálmsdóttir og Guðmundur Hólmur Jónsson, bæði úr Ármanni, sigruðu í spjótcasti og Kristín Birna Ólafsdóttir, ÍR, í 400 m grindahlaupi.


Tvær stúlkur kepptu í Evrópubikarkeppninni í fjölþrautum í Tel Aviv, Helga Margrét Þorsteinsdóttir, Ármanni, og Sveinbjörg Zophoníasdóttir, USÚ. Helga Margrét varð í 2.sæti og Sveinbjörg í 14. sæti.

Þrjú keppendur voru valdir til þátttöku á HM 19 ára og yngri sem fram fór í Moncton í Kanada. Helga Margrét Þorsteinsdóttir, Ármanni, vann til fyrstu verðlauna Íslendinga á þessu móti, er hún hlaut brons í sjöþraut. Auk þess komust þær Hulda Þorsteinsdóttir, ÍR, og Sveinbjörg Zophoníasdóttir, USÚ, báðar í úrslit í sínum greinum, stangarstökki og langstökki. Fyrir frammistöðu stúlknanna var FRÍ úthlutað 500.000 kr. úr Afrekskvennasjóði Íslandsbanka og ÍSÍ síðar á árinu.

Sex keppendur voru valdir til þátttöku á Evrópumeistaramótinu í Barcelona. Ásdís Hjálmsdóttir, Ármanni, komst í úrslit í spjótcasti og varð í 10. sæti. Aðrir keppendur voru: Óðinn Björn Þorsteinson, FH, í kúluvarpi, Þorsteinn Ingvarsson, HSP, í langstökki, Helga Margrét Þorsteinsdóttir, Ármanni, í sjöþraut, Björgvin Víkingsson, FH, og Kristín Birna Ólafsdóttir, ÍR, bæði í 400 m grindahlaupi.

Norðurlandamót 19 ára og yngri fór fram á Akureyri. Voru 33 keppendur valdir til þátttöku fyrir Íslands hönd. Fjórar íslenskar stúlkur unnu til verðlauna. Arna Stefanía Guðmundsdóttir, ÍR, sigraði í 400 m hlaupi, Hulda Þorsteinsdóttir, ÍR, sigraði í stangarstökki, Stefanía Valdimarsdóttir, Breiðabliki, sigraði í 400 m grindahlaupi og Sveinbjörg Zophoníasdóttir, USÚ, varð önnur í langstökki.

Norðurlandamót 22 ára og yngri fór fram í Söderhamn, Svíþjóð. Fimm frjálsíþróttamenn voru valdir til þátttöku. Þorsteinn Ingvarsson, HSP, varð í 2. sæti í langstökki.



Mót árið 2011

Tveir keppendur náðu lágmarki og voru valdir til þátttöku á Evrópumeistaramóti innanhúss í París. Óðinn Björn Þorsteinsson, FH, keppti í kúluvarpi og Kristinn Torfason, FH, í langstökki og þrístökki.

Landslið Íslands á Smáþjóðaleikunum í Liechtenstein var skipað 14 keppendum. Íslendingar hlutu alls 13 verðlaun og þar af 3 gullverðlaun. Arna Stefanía Guðmundsdóttir, ÍR, sigraði í 400m hlaupi, Kristinn Torfason, FH, sigraði í langstökki og Óðinn Björn Þorsteinsson, FH, sigraði í kúluvarpi og setti jafnframt Smáþjóðaleikamet.

Norðurlandamót í 10 km brautarhlaupi var haldið á Selfossi 22. maí. Aðeins einn íslenskur keppandi tók þátt, Arnís Ýr Hafþórsdóttir, Fjölni. Árangur í hlaupinu var góður, þrátt fyrir tvísýnar aðstæður eftir að eldgos hófst í Vatnajökli um morguninn. Hefði hlaupið átt að hefjast einni til tveimur klukkustundum síðar hefði sennilega orðið að fresta því þar sem fingerða ösku lagði yfir Selfoss. Allir keppendur komust nokkuð greiðlega til síns heima, þrátt fyrir tafir vegna gossins. Hlaupið var liður í opnun nýs frjálsíþróttavallar á Selfossi.

Evrópubíkarkeppnin í 3. deild var haldin á Laugardalsvelli 18. og 19. júní. Alls komu til landsins um 500 erlendir keppendur, fararstjórar, þjálfarar og aðstoðarmenn. Íslenska landsliðið, skipað 40 keppendum, varð í 4. sæti. Ásdís Hjalmsdóttir, Ármanni, sigraði í spjótkesti, en í 11 öðrum greinum náðu Íslendingar 2.-3. sæti. Starfsmenn voru vel á annað hundrað. Þetta var fjölmennasta alþjóðlega frjálsíþróttamót sem haldið hefur verið á landinu.

Fimm keppendur voru valdir til að taka þátt í Norðurlandamóti unglunga í fjölþrautum í Sipoo í Finnlandi. Arna Stefanía Guðmundsdóttir, ÍR, vann til bronsverðlauna í flokki 17 ára og yngri.

Þrjú keppendur tóku þátt í Evrópumeistaramóti 20-22 ára í Ostrava í Tékklandi. Blake Jakobsson, FH, keppti í kringlukasti, Einar Daði Lárusson, ÍR, keppti í tugþraut og hafnaði í 12.sæti, en Helga Margrét Þorsteinsdóttir, Ármanni, þurfti að hætta keppni í sjöþraut sökum meiðsla.

Tveir keppendur tóku þátt í Evrópumeistaramóti 19 ára og yngri í Tallinn í Eistlandi. Sveinbjörg Zophoníasdóttir, USÚ, keppti í sjöþraut og Stefanía Valdimarsdóttir, Breiðabliki, í 400m grindahlaupi.

Fjórir keppendur tóku þátt í Heimsmeistaramóti 17 ára og yngri í Lille í Frakklandi. Arna Stefanía Guðmundsdóttir, ÍR, keppti í sjöþraut, Dóróthea Jóhannesdóttir, ÍR, keppti í 200 m hlaupi, Kolbeinn Höður Gunnarsson, UFA, keppti í 200 m hlaupi og Sindri Hrafn Guðmundsson, Breiðabliki, keppti í spjótkesti.

Fjórir keppendur tóku þátt í Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Trabzon í Tyrklandi. Arna Stefanía Guðmundsdóttir, ÍR, hljóp 400 m og setti Íslandsmet í flokki 16-17 ára stúlkna og stökk langstökk. Kolbeinn Höður Gunnarsson, UFA, varð í 13.sæti í 200 m hlaupi og hljóp einnig 100 m hlaup. Sindri Hrafn Guðmundsson, Breiðabliki, setti Íslandsmet í spjótkesti í flokki 16 – 17 ára pílta og náði 8.sæti. Hann keppti einnig í hástökki. Dóróthea Jóhannesdóttir, ÍR, hljóp 200 m og stökk þrístökk.

17 keppendur tóku þátt í Norðurlandamóti unglunga 19 ára og yngri í Kaupmannahöfn. Anita Hinriksdóttir, ÍR, sigraði í 800 m

hlaupi og varð þriðja í 1500m hlaupi og setti met í sínum aldursflokki í báðum hlaupum. Sveinbjörg Zophoníasdóttir, USÚ, varð meistari í langstökki.

Tveir keppendur voru valdir til þátttöku á HM í Daegu í Suður-Kóreu. Ásdís Hjalmsdóttir, Ármanni, endaði í 13.sæti og var því hársbreidd frá að komast í úrslit. Hún náði eigi að síður Ólympíulágmarki á mótinu. Kristinn Torfason, FH, keppti í langstökki

Næstu mót

Næstu alþjóðlegu mót hér á landi verða NM í víðavangshlaupum árið 2013, samkvæmt mótaáætlun norrænu frjálsíþróttasambandanna og NM í fjölþrautum árið 2014. Smáþjóðaleikar verða í Reykjavík árið 2015. Næsta Norðurlandamót 19 ára og yngri verður hér á landi árið 2016, væntanlega á höfuðborgarsvæðinu, vegna kröfu um að slík mót verði haldin í nágrenni við alþjóðlegan flugvöll. FRÍ þarf að taka afstöðu til þess hvort sótt verði um að halda Evrópubíkarkeppni í fjölþrautum, 2. deild, á næstu árum.

Markaðsmál

Stjórn FRÍ ákvað á árinu 2010 að halda áfram að kosta útsendingar á Demantamótum IAAF í samvinnu við RÚV. Útsendingum frá Demantamótunum var fjölgað úr sex í tíu vegna hagstæðra samninga FRÍ við rétthafa útsendinga mótanna, en því miður urðu útsendingartímar óhagstæðari, yfirleitt á laugardags- eða sunnudagseftirmiðdögum í stað föstudagskvöldu. Stjórn FRÍ lítur á þetta verkefni sem þáttur í útbreiðslu frjálsíþróttar, því að fyrir vikið er sjónvarpað frá innlendum frjálsíþróttaviðburðum, þ. á m. Bikarkeppni FRÍ og Meistaramóti Íslands utanhúss, sem annars væri ekki gert. Kostnaður FRÍ vegna þessara útsendinga nemur ríflega 3 mkr. á ári og er það orðið álitamál hvort sambandið hafi fjárhagslega getu til að halda þessu áfram ef ekki fæst lækkun á kostnaðarhlutdeild þess. Fram hefur komið að fyrirtækin sem eru samstarfsaðilar FRÍ í þessu verkefni vilja frekar leggja fjármagn til uppbyggingarstarfs FRÍ en til sjónvarpsins.

Nú er unnið að því að afla fjármagns til að standa að mótarið FRÍ í samstarfi við nokkra sambandsaðila sumarið 2012. Nokkur mótanna eru gamalgróin, önnur ný, en þau verða kynnt undir heiti mótaraðarinnar (eins konar Grand Prix mót). Stefnt er því að bjóða veglegri verðlaun en gerist og venjulega á mótum og bjóða erlendum gestum til þátttöku.

Gerður var samstarfssamningur við Icelandair fyrir árin 2011 og 2012 um kaup og þjónustu á flugmiðum. Sá samningur hefur skilað sambandinu og hreyfingunni verulegum ábata í formi afsláttar af flugfargjöldum. Þessi möguleiki stendur sambandsaðilum til boða, ef þeir bóka farseðla í gegnum skrifstofu FRÍ.

Talsverð afföll eru af landsliðsbúningum FRÍ og á hverju ári kostar nauðsynleg endurnýjun talsvert fé. Gerður var samningur við Toyota á Íslandi árið 2010 um stuðning við búningakaup.

Opal og Valitor auglýsa á keppnisnúmerum FRÍ eins og áður. Valitor, Actavis og Sölufélag garðyrkjumanna komu að fjármögnun sjónvarpsútsendinga. Samsung á Íslandi hefur veitt sambandinu tölvustyrki og þjónustu- og vöruafslætti. Prentmet, Saffran veitingastaðir, Iceland Glacier vatnsframleiðandi og Vodafone hafa veitt sambandinu hagstæð viðskiptakjör.

FRÍ hóf í febrúar 2012 að gefa út vandaðar leikskrár fyrir meistaramótin og bikarkeppni og var það liður í að bæta mynd móta á vegum sambandsins. Allvel hefur gengið að afla auglýsinga í leikskrárnar til að kosta gerð þeirra.

Samstarf FRÍ og sambandsaðila

Stjórn FRÍ hefur leitast við að auka samskipti við sambandsaðila og var einkum lögð áhersla á að fjölga samráðsfundum með þeim. Fyrsti fundurinn var haldinn í júní 2010 til að fara yfir takmarkaða getu FRÍ til að kosta þátttöku í mótum erlendis. Formaður FRÍ efndi til umræðufunda með fulltrúum sambandsaðila sem sóttu Meistaramót og Bikarkeppni FRÍ utanhúss sumarið 2010. Tilgangurinn var að koma upplýsingum til sambandsaðila um starfsemi sambandsins og verkefni, ásamt því að heyra sjónarmið þeirra.

Boðað var til aukapings FRÍ í loka febrúar 2011 til að samþykka reglugerðabreytingar um Viðvangshlaup Íslands, aldursflokkaskipan og bikarkeppni FRÍ 16 ára og yngri. Einnig var rætt um bágan fjárhag sambandsins og mögulega aðkomu sambandsaðila að fjáröflun. Í kjölfar aukapingsins var efnt til funda um fjárhagsmál FRÍ bæði um vor og haust 2010. Það er mat stjórnar að þessir fundir hafi skilað árangri, þótt skoðanir hafi verið skiptar, og að vaxandi skilningur sé á því að aðgerðir til úrbóta séu nauðsynlegar.

Haustfundir um mótamál o.fl. voru haldnir í nóvember 2010 og 2011. Á þessum fundum var auk umfjöllun um drög að mótaskrá næsta árs rætt um ýmsar tillögur og hugmyndir að áherslum og umbótum í starfi frjálsíþróttahreyfingarinnar, s.s. um fræðslu-kerfi FRÍ, mótaraðir, breytingar á bikarkeppni, aukna áherslu á almenningshlaup og fjölskylduviðburði, fjármögnun afreksstarfs FRÍ og verkaskiptingu innan FRÍ.

Samstarf við ÍSÍ og UMFÍ

Samstarf FRÍ við ÍSÍ og UMFÍ hefur verið mjög gott á tímabilinu, eins og endranær.

FRÍ tekur þátt í helstu verkefnum á vegum ÍSÍ, þ.m.t. Smáþjóðaleikum, Ólympíudögum Evrópuæskunnar og undankeppni Ólympíuleika æskunnar. Mikill hluti fastra tekna FRÍ eru fjármunir sem ÍSÍ deilir út til sambandsaðila sinna frá Íslenskri getsþá og ríkissjóði. ÍSÍ úthlutar einnig afreksstyrkjum sem m.a. byggjast á fjármunum frá ríkissjóði, Alþjóða Ólympíuhreyfingunni og Ólympíufjölskyldunni. Fulltrúar FRÍ á Íþróttabingi í apríl 2011 voru: Felix Sigurðsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Páll Jóakimsson, Sigurður Haraldsson og Stefán Halldórsson. FRÍ átti frumkvæði að framboði Gunnlaugs Júlíussonar sem var kjörinn varamaður í framkvæmdastjórn ÍSÍ á þinginu. Hann situr stjórnarfundum FRÍ sem áheyrnarfulltrúi. Varaformaður FRÍ sótti formannafundi ÍSÍ 2010 og 2011, en að auki hafa stjórn og starfsfólk FRÍ og ÍSÍ átt fjölmarga fundi um einstök mál.

UMFÍ og FRÍ standa sameiginlega að frjálsíþróttaskóla fyrir börn og unglinga á sumrin, auk þess sem UMFÍ stendur fyrir fjölmönnum frjálsíþróttaviðburðum, Landsmótinu, Unglingalandsmótum og nú Landsmóti 50 ára og eldri í góðri samvinnu við FRÍ. Í skoðun er samstarf FRÍ og UMFÍ um útbreiðslu frjálsíþróttanna í skólum landsins og kynningu á Kids Athletics eða Krakkafrjálsum.

Alþjóðleg samskipti

FRÍ fór með formennsku í samstarfi norrænu frjálsíþróttasambandinu á árinu 2010. Stefán Halldórsson, Þorsteinn Þorsteinsson og Jónas Egilsson sátu þing norrænu sambandanna í Reykjavík í mars 2010. Þorsteinn og Jónas sátu fund norrænna framkvæmdastjóra í Reykjavík í október 2010. Jónas sótti báða fundina á árinu 2011 í Osló. Norrænu samböndin hafa átt samstarf við fulltrúa Eyrstrasaltsríkja, Hollands, Lúxemborgar og Írlands um málefni og kosningar á þingum EAA og IAAF. FRÍ stjórnaði þessum fundum á árinu 2010 í tengslum við EM í Barcelona og þing EAA í Belgrad. Stjórn FRÍ markaði sér þá stefnu að sækjast eftir ávinningi af erlendu samstarfi, bæði með virkri þátttöku í starfi alþjóðasambandanna og með því að sækja um að halda alþjóðleg mót á Íslandi, m.a. til að hafa af því fjárhagslegan ávinning. Hluti af þessari stefnu hefur verið að reyna að koma fulltrúum FRÍ í stjórnir og nefndir alþjóðasambandanna. Á þingi EAA í London 2011 var Jónas Egilsson kjörinn í stjórn sambandsins til fjögurra ára, en hann hafði áður setið í stjórninni 2003-2007. Á þingi IAAF í Daegu 2011 var Þórdís Gísladóttir í framboði til kvennanefndar sambandsins en náði ekki kjöri. Hún var skipuð í allsherjarnefnd EAA haustið 2011.

Evrópska frjálsíþróttasambandið veitir FRÍ árlegan rekstrarstyrk með skilyrðum um að FRÍ sendi keppendur á öll helstu mót sambandsins og fulltrúa á þing og helstu fundi sambandsins. EAA greiðir oftast ferða- og gistikostnað fyrir einn fulltrúa, stundum tvo, á þingum eða fundum sambandsins. Stefán og Jónas sóttu þing og mótafund EAA í Belgrad haustið 2010, en Hannes Strange fór á mótafundinn á Tenerife haustið FRÍ 2011, ásamt Jónas Egilssyni sem fór þangað sem stjórnarmaður EAA.

Stefán sótti fund formanna og framkvæmdastjóra evrópskra frjálsíþróttasambanda í Barcelona í nóvember 2010, en fundinum hafði verið aflýst með dags fyrirvara í apríl 2010 er askan úr Eyjafjallajökli olli stórfelldri röskun á flugi í Evrópu. Stefán og Jónas sátu þing EAA í London 2011 og Jónas og Þórdís sátu þing IAAF í Daegu í ágúst 2011 á undan heimsmeistaramótinu, en Þórdís var í framboði til kvennanefndar IAAF á þinginu.

Súsanna Helgadóttir og Benóný Jónsson sóttu ráðstefnu EAA um starfsemi frjálsíþróttafélaga í Frankfurt í apríl 2011. Þórdís Gísladóttir flutti framsöguerindi á ráðstefnunni sem vakti verðskuldaða athygli.

Bergrós Arna Jóhannesdóttir og Sigurjón Þorsteinsson sóttu námskeið EAA um viðburðastjórnun og upplýsingamiðlun á frjálsíþróttamótum í Brussel í nóvember 2010. Námskeiðið nýttist sem liður í undirbúningi fyrir Evrópubikarkeppnina á Laugardalsvelli í júní 2011, þar sem m.a. var gerð krafa um birtingu upplýsinga á risaskjá. Tókst sú framkvæmd mjög vel.

Formaður EAA kom til landsins í tilefni Mannvirkjaþings FRÍ 10. febr. 2012. Hitti hann m.a. Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra þar sem staða frjálsíþróttanna var rædd og einnig átti hann fund með forseta ÍSÍ, Ólafi E. Rafnssyni. Formaður og framkvæmdastjóri FRÍ sátu einnig fundina.

Í lok janúar 2011 kom fræðslu- og útbreiðslustjóri EAA, Bill Glad til landsins. Hann átti fundi með fulltrúum ÍSÍ, ÍBR og Reykjavíkurmaraþons um stefnu hreyfingarinnar í götuhlaupum og fjölda- viðburðum. Hann átti einnig fundi með fulltrúum úr hreyfingunni um starfsemi EAA og kynnti verkefnið European Young Leaders Community.

Fræðslu- og útbreiðslumál

Á síðasta þingi var samþykkt að taka upp fræðsluferfi IAAF fyrir þjálfara (CECS - Coaches Certified Education System) upp sem fræðsluferfi hér á landi. Haustið 2009 var haldið námskeið fyrir leiðbeinendur á 1. stigi sem 11 þjálfarar og íþróttakennarar sóttu. Í kjölfarið hafa tvö námskeið verið haldin á 1. stigi CECS. Bæði námskeiðin voru haldin í Reykjavík, en ekki náðist nægilegur fjöldi til að halda námskeið á Akureyri eins og til stóð. Alls hafa nú 20 einstaklingar útskrifast með alþjóðleg þjálfararéttindi á 1. stigi á þeim þremur námskeiðum sem haldin hafa verið hingað til á 1. stigi CECS hér á landi.

Auk þess hafa FRÍ og EAA veitt styrki til þjálfara vegna annarra námskeiða. EAA og IAAF stefna að því að bjóða upp á 2. stigs námskeið fyrir leiðbeinendur/kennara á næsta ári. Stefna FRÍ er að geta boðið upp á námskeið fyrir þjálfara á 1. og 2. stigi hér á landi. Fræðslu á 3. 4. og 5. stigi mun hins vegar þurfa að sækja til útlanda.

Frjálsíþróttablaðið var gefið út í tilefni Evrópumeistaramótins í Barcelona í júlí 2010. Blaðinu var dreift með Morgunblaðinu en unnið á skrifstofu FRÍ og ritstýrt af formanni. Nokkur hagnaður varð af útgáfunni,

Á heimasiðu FRÍ hefur verið leitast við að geta verkefna á vegum FRÍ og árangurs keppenda á vegum FRÍ erlendis, svo og mjög áhugaverðum viðburðum erlendis. Ekki er raunhæft að búast við að skrifstofa haldi úti fréttum af öllu því sem gerist innan hreyfingarinnar eða mótum sem haldin eru á vegum sambandsaðila. Auglýst var eftir einstaklingum í fréttanefnd sem sæi um skrif og söfnun fréttu af mótum innan hreyfingarinnar, en án árangurs.

Skólaþríþraut FRÍ var haldin vorið 2010, en með mun minni þátttöku en árið áður og miklu minni en fyrstu árin. Hætt var við keppnina vorið 2011 vegna lítillar þátttöku. Nú er leitað leiða til að endurskipuleggja Skólaþríþrautina í samstarfi við sambandsaðila FRÍ. Leitað hefur verið til þeirra um að framkvæma keppnina eða hafa samband við skóla á sínum svæðum.

Unnið hefur verið að endurskoðun á fræðsluferfi dómara á frjálsíþróttadómurum, en fyrir árið 2015 þarf FRÍ að hafa tilbúið fræðsluferfi fyrir landsdómara sem IAAF þarf að staðfesta. Auk þess eru auknar kröfur að hálfu IAAF um hæfi og fræðslu hlaupræsa og markmyndadómara.

Í maí 2011 stóð FRÍ fyrir námskeiði fyrir mælingarmenn götu-hlaupa. Hugh Jones framkvæmdastjóri AIMS kom og leiðbeindi á námskeiðinu. Fjórir einstaklingar öðluðust réttindi til mælingar á götuhlaupum, þeir Guðmundur Magni Þorsteinsson, Ingólfur Arnarson, Kristján Ágústsson og Stefán Einarsson. Áður var Sighvatur Dýri Guðmundsson kominn með réttindi.

Aðstöðumál og mannvirkjaþing

Á frjálsíþróttþingi 2010 var aðstöðumálum skipaður skýrari sess þegar sett var á lagginn sérstök nefnd sem ætlað er að sinna mannvirkjamálum eingöngu. Markmiðið með þessu starfi er að koma hagsmunamálum hreyfingarinnar betur á framfæri meðal ríkis, sveitarfélaga og annarra sem fjalla um þessi mál.

Gerð hefur verið úttekt á tveimur frjálsíþróttavöllum, í Vík í Mýrdal og að Varmá í Mosfellsbæ. Gerðar voru nokkrar tillögur til úrbóta á vellinum í Vík í tilefni Meistaramóts 11-14 ára sem fram fór sumarið 2011.

Fyrsta mannvirkjaþing FRÍ var haldið 10. febrúar 2012. Til landsins komu af þessu tilefni formaður Frjálsíþróttasambands Evrópu, Hansjörg Wirz, og Pasi Oksanen formaður mannvirkjanefndar finnska frjálsíþróttasambandsins, og fluttu framsöguerindi. Auk þeirra hafði Stefán Halldórsson formaður FRÍ framsögu og kynnti hugmyndir að stefnu sambandsins í aðstöðumálum. Auk þeirra töluðu Helgi S. Haraldsson um nýja völlinn á Selfossi, Ómar Einarsson um íþróttamannvirki Reykjavíkurborgar, Jón Sævar Þórðarson um sjónarmið þjálfara og Jóhanna Ingadóttir um sjónarmið iðkenda.

Lokaorð

Þegar litið er yfir tímabilið frá síðasta frjálsíþróttþingi sést að í mörgu tilliti hefur starfsemi FRÍ og frjálsíþróttahreyfingarinnar gengið vel og skilað góðum árangri. Sérstaka ánægju vekur sá kraftur sem er víða í barna- og unglingsstarfi og hefur m.a. skilað sér í óvanalega fjölmennum og öflugum hópi ungs afreksfólks. Því er ástæða til bjartsýni þegar horft er fram á veg, þótt róðurinn verði vafalaust þungur í fjármálum hreyfingarinnar enn um sinn, eins og víða er raunin eftir hrun fjármálakerfisins. Ég færi öllum í frjálsíþróttahreyfingunni bestu þakkir fyrir samstarfið undanfarin tvö ár og óska þeim velfarnaðar í starfi á komandi árum.

F.h. stjórnar FRÍ
Stefán Halldórsson
formaður FRÍ

Skýrslur nefnda

Viðaukar

Laganefnd FRÍ

Laganefnd FRÍ 2010-2012 skipuðu Ásbjörn Karlsson (formaður), Sigurður Haraldsson og Stefán Bogi Sveinsson. Vegna dreifðrar búsetu fóru nær öll samskipti nefndarmanna fram um tölvur.

Fyrir Frjálsíþróttaping 2010 fór fram víðtæk endurskoðun á lögum og reglugerðum FRÍ og voru fjölmargar breytingar samþykktar á þinginu. Það voru því fyrstu verk nýrrar laganefndar að uppfæra lögini með skýringum og senda ÍSÍ til staðfestingar. Reglugerðir FRÍ voru flokkaðar eftir nýju kerfi sem samþykkt var á þinginu, uppfærðar vegna breytinganna og búnar til birtingar á vefsíðu FRÍ.

Á Frjálsíþróttapingi 2010 var einnig samþykkt „Ályktun um endurskoðun á skipan í aldursflokka barna og unglunga“ og skipuð nefnd til að móta tillögur um það efni í samræmi við alþjóðlegar reglur. Sú nefnd skilaði álitinu sínu í október og stjórn FRÍ staðfesti tillögurnar í desember. Laganefnd var svo í framhaldinu falið að aðlagja þær reglugerðir, sem málið snerti, að aldursflokkaþreyingunum og leggja þær fyrir Aukaping FRÍ í febrúar, þar sem þær voru endanlega staðfestar. Reglugerðir FRÍ, eins og þær liggja fyrir eftir Aukaping FRÍ 2011, má sjá á vefsíðu FRÍ.

Auk vinnu við lög og reglugerðir fjallaði laganefnd um nokkur mál sem vísað var til hennar frá stjórn til umsagnar. Voru það einkum mál sem snertu félagaskipti og keppnisrétt íþróttafólks með félögum hérlendis og erlendis.

Að lokum er þess að geta að laganefnd hefur unnið að undirbúningi Frjálsíþróttapings 2012. Nauðsynlegt er að gera nokkrar breytingar á lögum FRÍ, vegna breytinga sem gerðar voru á lögum ÍSÍ á Íþróttapingi í apríl 2011. Þá hefur nefndin einnig yfirfarið ýmsar tillögur sem lagðar verða fyrir þingið.

Ásbjörn Karlsson

Ofurhlauparáð FRÍ

Ofurhlauparáð FRÍ var stofnað á frjálsíþróttapingi sem haldið var síðla vetrar árið 2010. Hlutverk þess var m.a. að móta reglur um framkvæmd ofurhlaupa hérlendis í þeim tilgangi að auka fagmennsku og gæði í framkvæmd þeirra.

Ofurhlauparáð FRÍ skipa eftirtaldir aðilar: Gunnlaugur Júlíusson formaður, Svava Oddný Ásgeirsdóttir, Gísli Ásgeirsson, Elín Reed og Jóhann Kristjánsson.

Ráðið hefur haldið nokkra fundi á starfstímabilinu. Einnig hafa fulltrúar í ráðinu haft veruleg samskipti um verkefni þess með tölvupóstum. Lögð hefur áhersla á að vinna drög að reglum um framkvæmd mismunandi ofurhlaupa. Þar hefur verið tekið tillit til erlendra fyrirmýnda í þessu efni. Ráðið hefur skilað reglum um framkvæmd eftirfarandi tegundir hlaupa til FRÍ:

1. Ofurhlaup á götum og stígum
2. Ofurhlaup utan alfaraleiða
3. Ofurhlaup á hlaupabretti
4. Ofurhlaup á íþróttavelli (400 m. braut)

Reglur ofurhlauparáðs FRÍ hafa verið notaðar við framkvæmd eftirfarandi hlaupa:

1. 24 tíma hlaup á hlaupabretti sem haldið var í desember 2010. Í því hlaupi var sett Norðurlandamet.
2. Íslandsmeistaramót í 100 km hlaupi sem fór fram í júní 2011. Þar voru sett Íslandsmet bæði í karla- og kvennaflokki.

Ráðið hafði frumkvæði að því að tilnefna þátttakendur til þátttöku í heimsmeistaramóti í 100 km hlaupi sem fer fram á Ítalíu þann 22. apríl nk. og heimsmeistaramóti í 24 tíma hlaupi sem fer fram í Póllandi dagana 8. og 9. september nk.

Gunnlaugur Júlíusson

Tækninefnd

Þetta er síðasta skýrsla undirritaðs og verður því eitthvað á persónulegri nótum. Þegar ég kom í þáverandi Laganefnd FRÍ árið 1981 og tók við formennsku árið eftir áttaði ég mig ekki á hversu margt hékk á spýtnunni og hversu löng hún var.

Meginverkefnið átti að vera kennsla á dómareglum en árangurskráning var m.a. hlutverk nefndarmanna sem ég taldi ekki samrýmanlegt og var síðar stofnuð Skráninganefnd FRÍ. Laganefndin einbeitti sér að því næstu árin að halda dómaramámskeið og leiðbeina við dómgæslu. Um 90 námskeið hafa verið haldin og 942 einstaklingar eru á skrá en skráning fórst fyrir á fyrstu námskeiðum. Vegna tölvuáhuga skráði ég bæði keppnisreglur og lög FRÍ og reglugerðir inn í eigin tölvu og hóf endurútgáfu keppnisreglnanna árið 1986 og síðan á tveggja ára fresti, alls 15 sinnum af þeim 22 sem reglur hafa verið gefnar út eftir hvert þing IAAF þar sem undirritaður var lengi fulltrúi. Upplýsingar um dómara setti ég inn í gagnagrunn sem og heiðursviðurkenningar FRÍ.

Árið 1984 hófst barátta fyrir umbótum á Valbjarnarvelli vegna fyrirhugaðrar Evrópubikarkeppni með bréfi til þáverandi borgarstjóra, Davíðs Oddssonar. Á næstu árum var þessu fylgt eftir með úttekt á Valbjarnarvelli og sýnt fram á að hann væri ólöglegur og hvatt til að stefnt yrði að endurbótum á Laugardalsvelli með 8 brautum. Mikill áfangi náðist þegar bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti að lagt yrði gerviefni á frjálsíþróttavöll bæjarins fyrir landsmót UMFÍ.

Lagamál voru upphaflega allmikil. Samskipti við ÍSÍ urðu mikil vegna endurskoðunar á lögum ÍSÍ og áhrifum sérsambanda. Endaði ég í millipinganevnd ÍSÍ og síðar sem formaður Laganevndar ÍSÍ sem og FRÍ (og FSÍ!). Lagamál FRÍ voru síðar aðskilin frá nefndinni og stofnuð Laganevnd FRÍ. Lyfjamál komu upp og lenti ég inn í Lyfjaeftirlitsnevnd ÍSÍ og endaði sem formaður og í varastjórn ÍSÍ.

Gísli Halldórsson bað okkur Sigurjón Sigurðsson lækni um að halda íþróttalæknisfræði námskeið með styrk IOC og urðu þau alls 5 á tveggja ára fresti. Læknanevnd ÓÍ var stofnuð og varð undirritaður formaður. Við sameiningu ÍSÍ og ÓÍ urðu þessar nefndir að Heilbrigðisráði ÍSÍ með undirrituðum sem formanni. Við Smáþjóðaleikana hlaut ég aðra þrennu sem yfirmaður dómgæslu frjálsíþróttá, læknþjónustu og lyfjaeftirlits.

Alþjóðadómarmaréttindi fékk ég árið 1987 og var í Læknanevnd IAAF frá 1995-2007 með skrifum og fyrirlestrum um íþróttalæknisfræði og lyfjamál. Hlaut ég alls a.m.k. tuttugu verkefni erlendis sem eftirlitsdómari og/eða lækni og lyfjaeftirlitsfulltrúi (medical/doping delegate). Hef ég reynt að miðla af þessari reynslu í starfi innanlands.

Starfi mínu innan ÓÍ lauk á stormasaman hátt eftir átaka lyfjamál þegar forseti og fylgilið náði að hlífa skjólstaðingi hans frá skýlausu broti skv. lyfjareglum og afstöðu IOC og FIBA. Má nærri geta að skriftir og skýrslur yfir allt þetta tímabil urðu allmiklar og allar unnar í minni tölvu. Margt af því fór með afriti til viðkomandi aðila en hefur varla varðveist. Allt þetta hefur tengst FRÍ á einn eða annan hátt. Ég stefni á að koma afriti af öllum gögnum mínum til FRÍ og afhenda formlega á þingi.

Ég vil þakka samnefndarmönnum í Tækninevnd FRÍ ágætt samstarf og verð að geta Þorsteins Þorsteinssonar sérstaklega sem hefur verið ötull við dómgæslu og hjálpað til við námskeið. Ég þakka einnig sérstaklega Rósu Marinósdóttur og Ingunni Jóhannesdóttur fyrir dómarastörf yfir árin og fagna því að Sigurður Haraldsson og Guðmundur Víðir Gunnlaugsson tóku sæti í nefndinni og hafa starfað vel. Að endingu vil ég leggja til að formaður Tækninevndar eigi alltaf kost á að sitja þing IAAF.

Ég hef nú setið í stjórn/varastjórn með alls 9 formönnum og komið að leiðarlökum. Ég þakka öllum þeim mörgu sem ég hef starfað með í stjórnnum, á námskeiðum og dómgæslu um allt land.

Birgir Guðjónsson

Skráningarnevnd

Eftir Frjálsíþróttþing árið 2010 tók undirritaður við sem formaður skráningarnevndar og fékk með sér þessa í nefndina: Friðrik Þór Óskarsson, Guðmund Sigmarsson, Guðmund Víði Gunnlaugsson og Stefán Þór Stefánsson.

Ekki hafa verið haldnir neinir fundir í nefndinni heldur hafa verkefni nefndarinnar farið fram í tölvupósti.

Stærsta verkið sem kom í hendur nefndarinnar var að breyta öllum aldursflokkaskráningum þegar ákveðið var að samræma aldursflokka á Íslandi við aldursflokka á hinum Norðurlöndunum. Þessi vinna lenti eingöngu á herðum Friðriks Þórs Óskarssonar sem leysti þetta verk með miklum sóma.

600 metra hlaup	1:32,46	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	1996	5.12.2011	Reykjavík
800 metra hlaup	2:13,38	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	1996	19.11.2011	Reykjavík
800 metra hlaup	2:10,20	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	1996	16.12.2011	Reykjavík
1500 metra hlaup	4:43,75	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	1996	15.1.2011	Reykjavík

Stúlkur 14 ára

600 metra hlaup	1:37,26	Esther Rós Arnarsdóttir	BBLIK	1997	29.12.2011	Reykjavík
-----------------	---------	-------------------------	-------	------	------------	-----------

Stúlkur 13 ára

300 metra hlaup	46,08	Margrét Hlín Harðardóttir	ÍR	1999	19.12.2011	Reykjavík
-----------------	-------	---------------------------	----	------	------------	-----------

Stúlkur 12 ára

300 metra hlaup	46,08	Margrét Hlín Harðardóttir	ÍR	1999	19.12.2011	Reykjavík
60 m grind 84 cm	11,88	Halla María Magnúsdóttir	SELFOSS	1999	9.1.2011	Reykjavík

Ársreikningur

2010

Rekstrarreikningur ársins 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir	sl 1	27.629.162	23.851.985
Tekjur af mótum	sl 2	3.748.713	10.169.819
Aðrar tekjur	sl 3	3.681.664	1.792.527
		<u>35.059.539</u>	<u>35.814.331</u>
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	sl 4	6.885.749	8.750.685
Greiðslur til keppenda	sl 5	3.820.000	2.520.000
Móta- og ferðakostnaður	sl 6	14.072.152	22.695.480
Rekstur skrifstofu	sl 7	3.662.827	2.354.556
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	sl 8	4.795.083	1.372.185
Ýmis kostnaður	sl 9	520.280	876.865
		<u>33.756.091</u>	<u>38.569.771</u>
<i>Hagnaður (tap) fyrir vexti</i>		1.303.448	(2.755.440)
Vextir			
Vaxtatekjur		6.195	168.661
Vaxtagjöld		(881.528)	(1.070.580)
		<u>(875.333)</u>	<u>(901.919)</u>
<i>Hagnaður (tap) ársins</i>		<u>428.115</u>	<u>(3.657.359)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eignir

	Skýr.	2010	2009
Fastafjármunir			
<i>Áhættufjármunir og langtímakröfur</i>			
Frí ehf.	4	500.000	500.000
		<u>500.000</u>	<u>500.000</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	sl 10	3.417.110	2.859.331
Bankainnstæður		261.282	102.696
<i>Veltufjármunir</i>		<u>3.678.392</u>	<u>2.962.027</u>
Eignir		<u>4.178.392</u>	<u>3.462.027</u>

Eigið fé (neikvætt) og skuldir

Eigið fé (neikvætt)			
Flutt frá fyrra ári	7	(6.112.172)	(2.454.813)
Hagnaður (tap) ársins		428.115	(3.657.359)
<i>Eigið fé (neikvætt)</i>		<u>(5.684.057)</u>	<u>(6.112.172)</u>
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir	5	4.002.803	4.915.153
Næsta árs afborgun		(923.724)	(1.594.104)
<i>Langtímaskuldir</i>		<u>3.079.079</u>	<u>3.321.049</u>
Skammtímaskuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir.....	sl 11	3.117.900	2.785.763
Laun og launatengd gjöld.....	sl 12	1.113.344	1.453.556
Næsta árs afborganir langtímaskulda		923.724	1.594.104
Yfirdráttarlán.....		1.628.402	419.727
<i>Skammtímaskuldir</i>		<u>6.783.370</u>	<u>6.253.150</u>
<i>Skuldir</i>		<u>9.862.449</u>	<u>9.574.199</u>
Eigið fé (neikvætt) og skuldir		<u>4.178.392</u>	<u>3.462.027</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Frjálsíþróttasamband Íslands er sérsamband innan Íþróttá- og ólympíusambands Íslands og starfar skv. lögum Frjálsíþróttasamband Íslands samþykktum 25. mars 2006.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og samkvæmt almennum reikningsskilaaðferðum með hliðstæðum hætti og árið áður.

Áunnið ótekið orlof fastra starfsmanna er reiknað og fært í ársreikninginn.

3. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:	2010	2009
Laun og ökutækjastyrkir	4.846.020	6.013.614
Verktakagreiðslur	1.250.000	1.500.000
Launatengd gjöld	789.729	1.237.071
	<u>6.885.749</u>	<u>8.750.685</u>
Meðalfjöldi starfa	1	1

4. Áhættufjármunir

Áhættufjármunir greinast þannig:

	Nafnverð	Markaðsverð Bókfært verð
Innlend félög:		
Frí ehf.	500.000	500.000
	<u>500.000</u>	<u>500.000</u>

5. Langtímaskuldir

Yfirlit langtímaskulda:

	vextir	
Landsbanki Íslands 115606 nvt.	6,70%	<u>4.002.803</u>
		<u>4.002.803</u>

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu árum:

Árið 2011	923.724
Árið 2012	923.724
Árið 2013	923.724
Árið 2014	923.724
Árið 2015	307.907
	<u>4.002.803</u>

6. Skattamál

Frjálsíþróttasamband Íslands er ekki skattskyldur lögaðili og greiðir því ekki tekjuskatt.

7. Eigið fé

Yfirlit eiginfjárreikninga:

	Ójafnað tap
Yfirfært frá fyrra ári	(6.112.170)
Hagnaður ársins	428.115
	<u>(5.684.055)</u>

Sundurliðanir

	2010	2009
1. Framlög og styrkir		
Íslensk getsþá	6.398.741	6.605.198
Norræni menningarmálasjóðurinn	0	460.084
Styrkir frá ÍSÍ	8.325.101	5.587.454
Afrekssjóður ÍSÍ	4.230.000	2.440.000
Endurgreiðslur og styrkir IAAF	2.348.362	1.871.108
Endurgreiðslur og styrkir EAA	6.326.958	6.888.141
	<u>27.629.162</u>	<u>23.851.985</u>
2. Tekjur af mótum		
Tekjur frá félögum / samböndum	1.579.458	609.141
Tekjur af mótum innanlands	1.183.173	3.663.660
Reykjavík international	986.082	1.088.500
NJCCE U23	0	2.355.500
NM U22 fjölþraut	0	2.453.018
	<u>3.748.713</u>	<u>10.169.819</u>
3. Aðrar tekjur		
Aðrar tekjur	3.593.164	1.524.527
Félagaskipti	11.000	8.000
Seldar bækur	77.500	260.000
	<u>3.681.664</u>	<u>1.792.527</u>
4. Laun og launatengd gjöld		
Laun	4.426.020	5.461.114
Tryggingagjald	451.784	410.506
Lífeyrissjóðsframlag	376.902	498.349
Sjúkra- og orlofsjóður	0	34.524
Áunnið orlof	(38.957)	(5.337)
Verktakagreiðslur	1.250.000	1.500.000
Ökutækjastyrkir	420.000	552.500
Dagpeningar	0	299.029
	<u>6.885.749</u>	<u>8.750.685</u>
5. Greiðslur til keppenda		
Ásdís Hjálmsdóttir	1.760.000	1.440.000
Bergur Ingi Pétursson	880.000	720.000
Helga Margrét Þorsteinsdóttir	880.000	0
Óðinn Björn Þorsteinsson	300.000	360.000
	<u>3.820.000</u>	<u>2.520.000</u>

Sundurliðanir

6. Móta- og ferðakostnaður

A-landslið	355.515	2.541.108
Annar ferðakostnaður	87.170	1.517.535
EM utanhúss	2.810.710	0
EM U20	0	7.029
EM öldunga	0	38.944
Evrópubíkar	4.898.483	4.963.065
Evrópubíkarkeppni í fjölþraut	0	471.096
Heimsmeistaramót öldunga	0	4.853
HM U18	450.737	459.439
HM U20	44.876	0
Kids Athletics	7.227	115.638
MÍ öldunga	5.448	15.000
Mót erlendis	1.697.685	2.111.854
Mót innanlands	447.669	919.833
NJCCE U23	0	166.080
Norðurlandamót U23	21.222	250.000
Norðurlandamót unglunga U20	104.230	3.107.633
Norðurlandamót unglunga U22 fjölþraut	535.500	1.096.000
Ólympíuhátíð æskunnar	605.211	0
Ólympíuhópur FRÍ	0	27.000
Reykjavík international	772.037	876.571
Skólaþríþraut FRÍ	167.050	468.511
Smáþjóðaleikar	0	2.420.000
Unglingalandslið	0	457.161
Vetrarkastmót EAA	1.027.200	661.130
World Athletics	34.182	0
	<u>14.072.152</u>	<u>22.695.480</u>

7. Rekstur skrifstofu

Áskriftir	17.200	796
Aðkeypt þjónusta	497.376	0
Bókhald, reikningagerð	341.213	181.367
Burðargjöld	30.220	8.162
Gjafir og viðurkenningar	29.143	26.400
Húsaleiga	594.288	594.288
Öryggisgæsla	32.275	0
Kaffistofa	251.210	162.698
Kostnaður vegna námskeiða	325.790	104.755
Ritföng, pappír, prentun	700.619	409.845
Símakostnaður	350.021	359.362
Tæki og hugbúnaður	493.472	506.883
	<u>3.662.827</u>	<u>2.354.556</u>

Sundurliðanir

8. Kynning, fræðsla og útbreiðsla

Annar fræðslu og útbreiðslukostnaður	0	361.863
Ól Solidarity	876.564	0
Samstarfssamningur við RÚV	2.500.000	0
Ungir og efnilegir	500.000	532.500
Úrvalshópur unglinga	0	84.739
Verkefnastjórn unglíngamála	0	11.710
Þing og ráðstefnur	780.019	381.373
Æfingabúðir unglinga	138.500	0
	4.795.083	1.372.185

9. Ýmis kostnaður

Búningar, verðlaun, fánar	506.426	713.336
Lyfjapróf	0	150.000
Sjúkragögn	13.854	13.529
	520.280	876.865

10. Skammtímakröfur

Viðskiptamenn	969.670	876.979
Fyrirframgreiddur kostnaður	58.651	0
Frí ehf.	1.395.900	1.980.700
ÍSÍ	992.889	1.652
	3.417.110	2.859.331

11. Ógreidd launatengd gjöld

Ógreidd laun	197.898	300.605
Ógreitt í lífeyrissjóð	479.480	415.990
Ógreidd félagsgjöld	0	13.915
Staðgreiðsla skatta og tryggingagjald	126.814	374.937
Áunnið orlof	309.152	348.109
	1.113.344	1.453.556

12. Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreiddur kostnaður	3.102.993	2.755.862
Áfallnir vextir	14.907	29.901
	3.117.900	2.785.763



Ársreikningur

2011

Rekstrarreikningur ársins 2011

	Skýr.	2011	2010
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir	sl 1	24.791.438	27.629.162
Tekjur af mótum	sl 2	48.100.248	3.748.713
Aðrar tekjur	sl 3	6.435.380	3.681.664
		79.327.066	35.059.539
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	sl 4	10.236.527	6.885.749
Greiðslur til keppenda	sl 5	4.800.000	3.820.000
Móta- og ferðakostnaður	sl 6	53.406.258	14.072.152
Rekstur skrifstofu	sl 7	3.562.856	3.662.827
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	sl 8	4.884.252	4.795.083
Ýmis kostnaður	sl 9	880.337	520.280
		77.770.230	33.756.091
<i>Hagnaður fyrir vexti</i>		1.556.836	1.303.448
Vextir			
Vaxtatekjur		9.419	6.195
Vaxtagjöld		(1.290.586)	(881.528)
		(1.281.167)	(875.333)
Hagnaður ársins		275.669	428.115

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

Eignir

	Skýr.	2011	2010
Fastafjármunir			
<i>Áhættufjármunir og langtímakröfur</i>			
Frí ehf.	4	500.000	500.000
		<u>500.000</u>	<u>500.000</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	sl 10	5.811.949	3.417.110
Bankainnstæður		1.758.954	261.282
<i>Veltufjármunir</i>		<u>7.570.903</u>	<u>3.678.392</u>
Eignir		<u>8.070.903</u>	<u>4.178.392</u>

Eigið fé (neikvætt) og skuldir

Eigið fé (neikvætt)			
Flutt frá fyrra ári	7	(5.684.057)	(6.112.172)
Hagnaður ársins		275.669	428.115
<i>Eigið fé (neikvætt)</i>		<u>(5.408.388)</u>	<u>(5.684.057)</u>
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir	5	3.258.702	4.002.803
Næsta árs afborgun		(977.611)	(923.724)
<i>Langtímaskuldir</i>		<u>2.281.091</u>	<u>3.079.079</u>
Skammtímaskuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir.....	sl 11	7.959.719	3.117.900
Laun og launatengd gjöld.....	sl 12	2.260.870	1.113.344
Næsta árs afborganir langtímaskulda		977.611	923.724
Yfirdráttarlán.....		0	1.628.402
<i>Skammtímaskuldir</i>		<u>11.198.200</u>	<u>6.783.370</u>
<i>Skuldir</i>		<u>13.479.291</u>	<u>9.862.449</u>
Eigið fé (neikvætt) og skuldir		<u>8.070.903</u>	<u>4.178.392</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Frjálsíþróttasamband Íslands er sérsamband innan Íþróttá- og ólympíusambands Íslands og starfar skv. lögum Frjálsíþróttasamband Íslands samþykktum 25. mars 2006.

2. Reikningskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og samkvæmt almennum reikningskilaaðferðum með hliðstæðum hætti og árið áður.

Áunnið ótekið orlof fastra starfsmanna er reiknað og fært í ársreikninginn.

3. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:	2011	2010
Laun og ökutækjastyrkir	7.267.501	4.846.020
Verktakagreiðslur	894.000	1.250.000
Launatengd gjöld	2.075.026	789.729
	<u>10.236.527</u>	<u>6.885.749</u>
Meðalfjöldi starfa	1	1

4. Áhættufjármunir

Áhættufjármunir greinast þannig:

	<i>Nafnverð</i>	<i>Markaðsverð</i> <i>Bókfært verð</i>
Innlend félög:		
Fri ehf.	500.000	500.000
	<u>500.000</u>	<u>500.000</u>

5. Langtímaskuldir

Yfirlit langtímaskulda:

Landsbanki Íslands 115606	nvt.	<i>vextir</i> 6,70%	<u>3.258.702</u>
			<u>3.258.702</u>

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu árum:

Árið 2012	977.611
Árið 2013	977.611
Árið 2014	977.611
Árið 2015	325.869
	<u>3.258.702</u>

6. Skattamál

Frjálsíþróttasamband Íslands er ekki skattskyldur lögaðili og greiðir því ekki tekjuskatt.

7. Eigið fé

Yfirlit eiginfjárreikninga:

Yfirfært frá fyrra ári	<i>Ójafnað tap</i> (5.684.055)
Hagnaður ársins	275.669
	<u>(5.408.386)</u>

Sundurliðanir

	2011	2010
1. Framlög og styrkir		
Íslensk getsþá	7.395.819	6.398.741
Styrkir frá ÍSÍ	7.128.174	8.325.101
Afrekssjóður ÍSÍ	5.949.440	4.230.000
Endurgreiðslur og styrkir IAAF	1.718.100	2.348.362
Endurgreiðslur og styrkir EAA	2.599.905	6.326.958
	<u>24.791.438</u>	<u>27.629.162</u>
2. Tekjur af mótum		
Tekjur frá félögum / samböndum	1.794.000	1.579.458
Tekjur af mótum innanlands	1.540.068	1.183.173
Reykjavík international	180.000	986.082
Evrópubíkar	44.586.180	0
	<u>48.100.248</u>	<u>3.748.713</u>
3. Aðrar tekjur		
Aðrar tekjur	6.168.380	3.593.164
Félagaskipti	8.000	11.000
Seldar bækur	259.000	77.500
	<u>6.435.380</u>	<u>3.681.664</u>
4. Laun og launatengd gjöld		
Laun	6.847.501	4.426.020
Tryggingagjald	684.046	451.784
Lífeyrissjóðsframlag	640.585	376.902
Sjúkra- og orlofssjóður	36.941	0
Áunnið orlof	86.078	(38.957)
Verktakagreiðslur	894.000	1.250.000
Ökutækjastyrkir	420.000	420.000
Dagpeningar	627.376	0
	<u>10.236.527</u>	<u>6.885.749</u>
5. Greiðslur til keppenda		
Ásdís Hjálmsdóttir	1.920.000	1.760.000
Bergur Ingi Pétursson	960.000	880.000
Helga Margrét Þorsteinsdóttir	960.000	880.000
Óðinn Björn Þorsteinsson	960.000	300.000
	<u>4.800.000</u>	<u>3.820.000</u>

Sundurliðanir

6. Móta- og ferðakostnaður

A-landslið	217.681	355.515
Annar ferðakostnaður	760.915	87.170
EM innanhúss	841.401	0
EM utanhúss	0	2.810.710
EM U20	468.811	0
EM U23	1.508.275	0
EM öldunga	35.103	0
Evrópubíkar	38.274.912	4.898.483
Evrópubíkarkeppni í fjölþraut	1.036.960	0
EYOF Trabzon	531.500	0
Heimsmeistaramót utanhúss	1.040.612	0
HM U18	502.380	450.737
HM U20	0	44.876
Kids Athletics	273.597	7.227
MÍ öldunga	0	5.448
Mót erlendis	0	1.697.685
Mót innanlands	1.653.139	447.669
Norðurlandamót U23	36.766	21.222
Norðurlandamót unglínga U20	1.560.738	104.230
Norðurlandamót unglínga U22 fjölþraut	1.268.759	535.500
Norðurlandamót öldunga	119.278	0
Ólympíuhátíð æskunnar	0	605.211
Reykjavík international	1.165.390	772.037
Skólaþríþraut FRÍ	4.440	167.050
Smáþjóðaleikar	2.068.801	0
Unglingalandslið	36.800	0
Vetrarkastmót EAA	0	1.027.200
World Athletics	0	34.182
	<u>53.406.258</u>	<u>14.072.152</u>

7. Rekstur skrifstofu

Áskriftir	27.745	17.200
Aðkeypt þjónusta	0	497.376
Bókhald, reikningagerð	434.977	341.213
Burðargjöld, sendingarkostnaður	92.964	30.220
Gjafir og viðurkenningar	141.435	29.143
Húsaleiga	723.796	594.288
Öryggisgæsla	20.564	32.275
Kaffistofa	318.751	251.210
Kostnaður vegna námskeiða	0	325.790
Ritföng, pappír, prentun	450.176	700.619
Símakostnaður	198.757	350.021
Tæki og hugbúnaður	634.910	493.472
Ýmis kostnaður	518.781	0
	<u>3.562.856</u>	<u>3.662.827</u>

Sundurliðanir

8. Kynning, fræðsla og útbreiðsla

Annar fræðsla og útbreiðslukostnaður	152.044	0
Ól Solidarity	2.775.200	876.564
Samstarfssamningur við RÚV	0	2.500.000
Ungir og efnilegir	550.000	500.000
Úrvalshópur unglinga	20.000	0
Þing og ráðstefnur	1.387.008	780.019
Æfingabúðir unglinga	0	138.500
	<u>4.884.252</u>	<u>4.795.083</u>

9. Ýmis kostnaður

Búningar, verðlaun, fánar	542.808	506.426
Mælitæki / námskeið	287.529	0
Lyfjapróf	50.000	0
Sjúkragögn	0	13.854
	<u>880.337</u>	<u>520.280</u>

10. Skammtímakröfur

Viðskiptamenn	5.811.949	969.670
Fyrirframgreiddur kostnaður	0	58.651
Frí ehf.	0	1.395.900
ÍSí	0	992.889
	<u>5.811.949</u>	<u>3.417.110</u>

11. Ógreidd launatengd gjöld

Ógreidd laun	957.030	197.898
Ógreitt í lífeyrissjóð	747.914	479.480
Staðgreiðsla skatta og tryggingagjald	160.696	126.814
Áunnið orlof	395.230	309.152
	<u>2.260.870</u>	<u>1.113.344</u>

12. Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreiddur kostnaður	5.108.757	3.102.993
Frí ehf.	53.663	0
ÍSí	2.785.531	0
Áfallnir vextir	11.768	14.907
	<u>7.959.719</u>	<u>3.117.900</u>

Lög Frjálsíþróttasambands Íslands FRÍ

I. Kafli:

Gildissvið o.fl.

1. gr.

Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ).

Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ) er æðsti aðili um öll frjálsíþróttamál innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí). FRÍ er aðili að Alþjóða-frjálsíþróttasambandinu (IAAF) og Frjálsíþróttasambandi Evrópu (EAA). FRÍ er jafnframt fulltrúi fyrir þau sambönd hér á landi og einnig þau sem eru aðilar að IAAF og EAA.

Heimili og varnarþing FRÍ er í Reykjavík.

2. gr.

Aðild að FRÍ (Sambandsaðilar).

FRÍ er samband frjálsíþróttaráða héraðssambandanna/ íþróttabandalaganna. Ef frjálsíþróttaráð er ekki innan íþróttahéraðs, getur héraðssambandið/ íþróttabandalagið verið aðili að FRÍ.

Iðki aðeins eitt félag innan héraðssambands/ íþróttabandalags frjálsíþróttir, getur það verið aðili að FRÍ, að fengnu formlegu samþykki stjórnar héraðs-sambandsins/ íþróttabandalagsins.

Ef héraðssamband er ekki til í íþróttahéraði og aðeins eitt frjálsíþróttafélag, getur stjórn FRÍ heimilað því að vera aðili að sambandinu.

Séu íþróttafélögin tvö eða fleiri innan héraðs verða þau að mynda héraðs-samband/ íþróttabandalag til að öðlast aðildarrétt í FRÍ.

3. gr.

Hlutverk og markmið FRÍ.

1. Að hafa yfirstjórn allra frjálsíþróttamála á Íslandi, sbr. 1. gr.
2. Að vinna að eflingu frjálsíþróttar á landinu, þar með talið afreksíþróttar, frjálsíþróttar unglinga, viðavangs- og almenningshlaupa, þ.m.t. götu- og fjallahlaupa.
3. Að vinna að stofnun nýrra sérráða og efla á annan hátt viðkomandi sérgrein í landinu.
4. Að setja nauðsynleg lög, reglugerðir, reglur, löggilda dómara, ráðstafa landsmótum, skrá afrek í frjálsíþróttum og staðfesta met.
5. Að vera fulltrúi íþróttageinar sinnar gagnvart útlöndum og sjá um að reglur varðandi greinina séu í samræmi við alþjóðareglur.
6. Að vinna að framgangi heiðarlegrar keppni („Fair-Play“) í frjálsíþróttum í landinu.
7. Að vinna gegn ólöglegri notkun lyfja í frjálsíþróttum.
8. Að framfylgja markmiðum IAAF að öðru leyti.

4. gr.

Stjórnun á málefnum FRÍ.

Málefnum FRÍ stjórna:

1. Frjálsíþróttþing.
2. Stjórn FRÍ.

Stjórn FRÍ getur falið nefndum undirbúning og úrlausn ákveðinna verkefna eftir atvikum hverju sinni.

II. Kafli:

Frjálsíþróttþing

5. gr.

Valdsvið og fulltrúar.

Frjálsíþróttþing fer með æðsta vald í málefnum FRÍ.

Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum, sem mynda FRÍ.

Fulltrúafjöldi hvers sambandsaðila fer eftir tölu virkra frjálsíþróttamanna, sbr. 3. mgr. 20. gr., þannig að fyrir allt að 50 menn komi tveir fulltrúar og síðan einn fyrir hverja 50 eða brot úr 50 upp í allt að 200 félagar og þá einn fyrir hvert heilt hundrad félagar þar fram yfir.

6. gr.

Tímasetning og boðun.

Frjálsíþróttþing skal haldið í mars eða apríl hvert ár sem endar á jafnri tölu. Skal þingið boðað með formlegum hætti með minnst mánaðar fyrirvara. Þingið skal standa í tvo daga og ákvarðar stjórn fundarstað. Heimilt skal að halda þingið á einum degi, enda sé það samþykkt í upphafi þingsins með meirihluta greiddra atkvæða, sbr. 3. mgr. 11. gr.

Frjálsíþróttþingið er lögmaett, ef löglega hefur verið til þess boðað, sbr. 1. mgr.

7. gr.

Dagskrá.

Sambandsaðilar skulu tilkynna FRÍ minnst fjórtán dögum fyrir þing um ályktunartillögur og tillögur að breytingum á reglugerðum (sjá þó 2. ml), sem þeir óska eftir að teknar verði fyrir á þinginu. Lagabreytingartillögur og tillögur að breytingum á keppnisreglum skulu hafa borist FRÍ minnst mánuði fyrir þing.

Stjórn FRÍ skal tilkynna sambandsaðilum skriflega dagskrá þingsins og efni tillagna sem ræða á á þinginu í síðasta lagi sjö dögum fyrir þing.

Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddir leyft að taka fyrir mál sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum. Þetta á þó ekki við lagabreytingar eða breytingar á keppnisreglum.

8. gr.

Fulltrúar og atkvæðisréttur.

Á frjálsíþróttþinginu hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, skv. 5. gr. Auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

1. Stjórn FRÍ, varastjórn og skoðunarmenn ársreikninga.
2. Framkvæmdastjórn ÍSí.
3. Starfsmenn FRÍ.
4. Allir nefndarmenn FRÍ og trúnaðarmenn FRÍ í öðrum samtökum.
5. Forseti ÍSí og formaður UMFÍ.
5. Sérstakir gestir stjórnar FRÍ.
6. Ævi- og heiðursfélagar FRÍ.
7. Fyrirverandi formenn FRÍ.

Aðeins sá, sem er í frjálsíþróttafélagi innan sérráðs eða héraðssambands, er kjörgengur fulltrúi á frjálsíþróttþingið.

Hver fulltrúi með atkvæðisrétt hefur eitt atkvæði.

9. gr.

Aukaþing.

Aukaþing má halda, ef nauðsyn krefur eða 1/3 hluti sambandsaðila óskar þess, eða skv. ákvörðun reglulegs Frjálsíþróttþings.

Alla boðunar- og tilkynningarfresti til aukapings má hafa helmingi styttri en til reglulegs þings.

Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa, sem hefur látist, eða hefur forfallast.

Á aukapingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi hefur orðið óstarfhæf.

Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt frjálsíþróttþing.

10. gr.

Störf frjálsíþróttþings

Frjálsíþróttþing skal fjalla m.a. um eftirfarandi atriði:

1. Kosningu eftirfarandi þingnefnda:
 - a. Kjörbréfanefndar.
 - b. Fjárhagsnefndar.
 - c. Laganefndar.
 - d. Allsherjarnefndar.
 - e. Þingið getur ákveðið með meirihluta greiddra atkvæða að skipa aðrar nefndir til að fjalla um einstök mál.
2. Skýrslu fráfarandi stjórnar.
3. Ársreikninga FRÍ.
4. Fjárhagsáætlun stjórnar til næstu tveggja ára.
5. Tillögur að laga-, reglugerðar- og reglubreytingum.
6. Kosningu stjórnar FRÍ, varastjórnar, tveggja skoðunarmanna ársreikninga og tveggja til vara, formanna fastanefnda sambandsins, fulltrúa á næsta reglulegt þing ÍSí í samræmi við lög ÍSí.

Kjörbréfanefnd skal skipuð þremur mönnum. Aðrar nefndir skulu skipaðar fimm mönnum, en öðrum þingfulltrúum er heimilt að velja sér starfsnefndir. Stjórn FRÍ setur nánari reglur um störf og dagskrá frjálsíþróttþings.

11. gr.

Kosningar til stjórnar og fulltrúa á þing ÍSí og afgreiðslu almennra mála.

Kosningar á þinginu skulu vera leynilegar.

Kosning skal vera bundin.

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu almennra mála og í kosningum.

12. gr.

Þessum lögum verður ekki breytt nema með samþykki 2/3 hluta atkvæða skráðra fulltrúa, með viðurkennd kjörbréf, á frjálssíþróttabingi.

13. gr.**Reikningsskil.**

Reikningsár FRÍ er miðað við áramót.

Endurskoðaðir og árritaðir reikningar skulu liggja fyrir viku fyrir ársþing.

14. gr.**Starfsskýrsla.**

Starfsskýrsla frá síðasta Frjálssíþróttabingi, sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið, svo og ágríp af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum FRÍ innan mánaðar frá þingslitum

III. Kafli:**Stjórn og nefndir FRÍ.****15. gr.****Skipan stjórnar.**

Stjórn FRÍ skipa fimm manns sem kosnir eru á frjálssíþróttabingi. Kjósa skal fimm varamenn og skulu þeir taka sæti í aðalstjórn í sömu röð og þeir eru kosnir.

Skipan og hlutverk stjórnar skal vera eftirfarandi:

1. Formaður, sem kosinn er sérstaklega.
2. Aðrir stjórnarmenn skipta með sér verkum sem hér segir:
 - a) Varaformaður.
 - b) Ritari.
 - c) Gjaldkeri, sem jafnframt er formaður fjárhagsnefndar.
 - d) Meðstjórnandi.
3. Fimm varamenn.
4. Auk þess skulu íslenskir fulltrúar í stjórnnum IAAF og EAA eiga rétt til setu, með málfrelsi, tillögu- og atkvæðarétti í stjórn FRÍ.
5. Heiðursformaður hefur seturétt á fundum stjórnar, með málfrelsi, en án atkvæðisréttar.

16. gr.**Hlutverk og verkefni stjórnar.**

Hlutverk stjórnar FRÍ er eftirfarandi:

1. Að hafa yfirstjórn allra íslenskra frjálssíþróttamála milli frjálssíþróttabinga.
2. Að framkvæma ályktanir frjálssíþróttabingsins.
3. Að vinna að eflingu frjálssíþróttanna í landinu.
4. Að annast erlend samskipti.
5. Að gefa út leikreglur og reglugerðir fyrir frjálssíþróttir, sem séu jafnan í samræmi við alþjóðareglur.
6. Að líta eftir því að lögum og reglugerðum FRÍ, IAAF, EAA og ÍSÍ sé fylgt.
7. Að gefa út aðrar reglur en falla undir 5. tl. og varða frjálssíþróttamála á Íslandi. Slíkar reglur, eða breytingar á reglum, skulu lagðar fyrir næsta frjálssíþróttabing til staðfestingar.
8. Að úthluta þeim styrkjum til frjálssíþróttanna, sem FRÍ fær til umráða.
9. Að staðfesta Íslandsmet í frjálssíþróttum.
10. Að staðfesta réttindi dómara.

Stjórninni er heimilt að skipa starfsnefndir til að sinna einstökum verkefnum eftir því sem hún telur nauðsynlegt hverju sinni. Starfstímabil nefnda skal aldrei vera nema fram að næsta frjálssíþróttabingi, nema að annað sé tekið fram í lögum þessum.

17. gr.**Formaður FRÍ boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim.**

Til þess að ákvarðanir í málum, sem stjórnin fjallar um séu gildar, þarf samþykki meirihluta stjórnarinnar á löglegum stjórnarfundi. Stjórnarfundur telst löglegur ef a.m.k. þrjú kjörnir stjórnar- eða varastjórnarmenn eru viðstaddir og allir stjórnarmenn hafa verið boðaðir á fundinn.

Fundi í stjórninni skal halda reglulega, samkvæmt ákvörðun formanns. Varastjórnarmenn skulu einnig boðaðir á fundi með sama hætti og taka sæti aðalmanna í forföllum þeirra.

Auk þess skal kalla saman stjórnarfundi, ef tveir eða fleiri stjórnarmenn óska þess.

Stjórn FRÍ getur sett sér nánari fundarsköp fyrir stjórnarfundi um ákvarðanatöku, boðun og stjórnun funda.

Fundargerðir og ákvarðanir stjórnar skal birta á heimasíðu FRÍ innan viku frá fundi.

18. gr.**Nefndir FRÍ.**

Eftirtaldir fastanefndir skulu starfa innan FRÍ: almenningshlaupanefnd, fjárhagsnefnd, fræðslu- og útbreiðslunefnd, íþrótt- og afreksnefnd, íþróttamannanefnd, laganefnd, mannvirkjanefnd, mótanefnd, ofurhlauparáð, orðunefnd, skráningarnefnd, tækninefnd, unglínganefnd og öldungaráð. Stjórn FRÍ skipar tvo til fjóra nefndarmenn til viðbótar í samráði við formenn hlutaðeigandi nefnda. Í unglínganefnd skal skipa a.m.k. tvo einstaklinga undir 22 ára aldri.

Formenn fastanefnda FRÍ skulu kosnar á Frjálssíþróttabingi til tveggja ára í senn, nema fjárhagsnefndar, en gjaldkeri stjórnar er formaður hennar.

Formenn nefnda boða fundi og stýra þeim. Nefndir FRÍ eru stjórn FRÍ til ráðgjafar. Þær hafa ekki sérstakan fjárhag eða ákvörðunarvald eða geta skuldbundið sambandið fjárhagslega. Heimilt er þó að fela þeim ákveðna ábyrgð, sbr. 4. gr. og skal skilgreint í starfsreglum nefndanna hvernig skuli staðið að ákvarðantöku. Birta skal fundargerðir nefnda á heimasíðu FRÍ innan viku frá staðfestingu stjórnar.

Stjórninni er heimilt að skipa aðrar nefndir til einstakra verkefna hverju sinni. Starfstímabil fastanefnda og annara nefnda skal aldrei vera nema fram að næsta frjálssíþróttabingi.

Íþróttamannanefnd skal kosin af keppendum á Meistaramóti Íslands utanhúss í kjölfar Frjálssíþróttabings. Hún skal skipuð fimm íþróttamönnum, a.m.k. tveimur af hvoru kyni. Starfstími hennar er tvö ár.

Formaður FRÍ, eða staðgengill hans, skal eiga seturétt, með málfrelsi, en án atkvæðisréttar, í öllum nefndum og ráðum á vegum sambandsins.

19. gr.**Verkefni fastanefnda.**

Helstu verkefni fastanefnda sambandsins skulu vera sem hér segir:

1. Almenningshlaupanefnd er stjórn til ráðgjafar um málefni götu-, víðavangs-, almennings- og fjallahlaupa. Nefndin skal koma með tillögu að árlegri hlaupaskrá til stjórnar FRÍ.
2. Fjárhagsnefnd hefur umsjón með fjárhagsmálum sambandsins og vinnur að markaðsmálum og tekjuöflun fyrir sambandið. Gjaldkeri FRÍ er formaður nefndarinnar.
3. Fræðslu- og útbreiðslunefnd hefur umsjón með stefnumótun í fræðslumálum og námskeiðshaldi innan hreyfingarinnar.
4. Íþrótt- og afreksnefnd vinnur að stefnumótun fyrir alla aldursflokka, m.a. um þátttöku í alþjóðlegum mótum.
5. Íþróttamannanefnd er ráðgjafandi nefnd sem um stefnumótun í frjálssíþróttum.
6. Laganefnd er stjórn til ráðgjafar er varðar laga- og stjórnsýsluleg málefni, málsmeðferð vegna kærlumála.
7. Mannvirkjanefnd er bæði stjórn og sambandsaðilum til ráðgjafar um frjálssíþróttamannvirki og búnað sem þeim fylgir.
8. Mótanefnd er stjórn FRÍ til ráðgjafar um mót innan hreyfingarinnar, framkvæmd þeirra og gerir tillögur um tíma- og staðsetningar, að öðru leyti en þau verkefni sem eru falin öðrum nefndum.
9. Ofurhlauparáð hefur með höndum tillögugerð um skipulag og framkvæmd ofurhlaupa innanlands og þátttöku í ofurhlaupum erlendis.
10. Orðunefnd er stjórn til ráðgjafar um heiðursveitingar innan hreyfingarinnar, sbr. VI. kafli. Formaður FRÍ skal kalla nefndina saman til fundar.
11. Skráningarnefnd hefur með skrásetningu allra frjálssíþróttaafraka að gera. Hún skal senda til stjórnar tillögur að Íslandsmetum til staðfestingar og birta afrekaskrá í frjálssíþróttum. Nefndin skal einnig hafa frumkvæði á samstarfi við erlenda aðila í samráði við skrifstofu FRÍ.
12. Tækninefnd hefur umsjón með tæknimálum í frjálssíþróttum, útgáfu á leikreglum og efri stig dómarafraeðslu.
13. Unglínganefnd er stjórn FRÍ til ráðgjafar um málefni frjálssíþróttanna fyrir ungmenni.
14. Öldungaráð hefur með höndum tillögugerð um skipulag og framkvæmd öldungamóta innanlands og þátttöku á öldungamótum erlendis.

Nánari verklýsingur skal setja í reglum um fundarsköp stjórnar og nefnda FRÍ

IV. KAFLI:**Sérráð og sambandsaðilar FRÍ****20. gr.****Skýrslur.**

Sambandsaðilar eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar FRÍ.

Aðilar skv. 1. mgr. skulu og senda stjórn FRÍ allar skýrslur um mót, sem haldin eru innan umdæmisins innan mánaðar frá því að móti lauk. Sambandsaðilar skulu senda fyrir 15. apríl ár hvert til ÍSÍ árskýrslur um störf sín og tölu iðkenda í umdæminu. Fulltrúaréttur og fulltrúafjöldi sambandsaðila á frjálssíþróttþingi ákvarðast af fjölda virkra iðkenda skv. skýrslum til ÍSÍ, sbr. 3. mgr. 5. gr. Aðilar sem ekki senda inn skýrslur missa rétt til þátttöku á Frjálssíþróttþingi.

21. gr.

Stofnun nýrra sérráða.

Stjórn FRÍ skal, í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd/ íþróttabandlög, vinna að stofnun nýrra sérráða.

22. gr.

Aðgangur stjórna.

Stjórn FRÍ hefur frjálstan aðgang að öllum frjálssíþróttamótum og sýningum, sem fram fara innan vébanda FRÍ.

Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómarafélaga og héraðssambanda/ íþróttabandalaga, sem eru aðilar að sambandinu.

V. KAFLI:

Alþjóðlegar skyldur

23. gr.

Misnotkun lyfja og lyfjapróf.

Misnotkun lyfja skv. lista IAAF og Alþjóðalyfjæftirlitsins (WADA) er bönnuð. FRÍ skuldbindur sig til að lyfjapróf séu framkvæmd utan keppni, skv. reglum IAAF.

FRÍ skuldbindur sig til að leyfa Lyfjæftirliti ÍSÍ, IAAF og EAA að framkvæma lyfjapróf utan keppni á einstaklingum innan vébanda þess sem og á mótum á vegum þess.

Ennfremur skuldbindur FRÍ sig til að kynna lyfjareglur IAAF fyrir keppendum á alþjóðlegum frjálssíþróttamótum og að þeir undirriti samþykki sitt fyrir alþjóðlegum reglum sem gilda.

Keppendur á alþjóðlegum mótum, sem hafa sótt um og fengið undanþágu frá reglum um lyfjanotkun vegna lyfjagjafar (TUE), verða einnig sækja um undanþágu IAAF.

Ákvæði um lyfjamál, skv. reglum IAAF, ná til allra sem starfa opinberlega innan vébanda frjálssíþróttahreyfingarinnar.

FRÍ skal að öðru leyti fara að reglum IAAF um lyfjamál og gefa IAAF skýrslu árlega um fjölda prófa utan keppni.

24. gr.

Umboðsmenn íþróttamanna.

FRÍ skal viðurkenna og halda skrá um umboðsmenn íþróttamanna.

Viðurkennir umboðsmenn verða að hlýða lögum og reglum FRÍ.

Aðeins einstaklingar, (ekki fyrirtæki), geta orðið umboðsmenn íþróttamanna.

Viðurkennir umboðsmenn mega annast skipulag mótþátttöku og samskipti og samninga við mótshaldara.

Ágreiningu milli umboðsmanna og íþróttamanna skal vísað til dómstóls ÍSÍ.

Gera skal samning milli íþróttamanns og umboðsmanns og skal hann innihalda a.m.k. eftirfarandi atriði: a) gildistíma, b) uppsagnarákvæði, c)

skyldur umboðsmanns eins og þær eru skilgreindar í leiðbeiningum IAAF, d) laun umboðsmanna.

Íþróttamenn mega ekki gera samning við umboðsmann lengur en til eins árs í senn. Þeim ber að senda stjórn FRÍ tilkynningu um umboðsmenn sína ár hvert. FRÍ ber að tikynna til IAAF í ársbyrjun um umboðsmenn íþróttamanna sem eru meðal 30 bestu í sinni grein árið á undan.

25. gr.

Um meðferð deilumála.

Dómstólar ÍSÍ fara með mál sem upp kunna að koma innan frjálssíþróttahreyfingarinnar. Stjórn FRÍ getur þó úrskurðað í málum er varða keppnisreglur. Skal þá farið eftir reglum IAAF, eftir því sem við á. Slíkum úrskurði geta aðilar þó vísað til dómstóls ÍSÍ eða stjórnar IAAF, eða Alþjóða íþróttadómstólsins (CAS), eftir því sem við á hverju sinni.

Öllum deilumálum, sem upp kunna að koma, á milli FRÍ, annarra aðildarsambanda IAAF og IAAF skal stjórn FRÍ vísa til stjórnar IAAF til meðferðar.

26. gr.

FRÍ skuldbindur sig til að fara að, viðurkenna og virða lög og reglur IAAF og EAA eftir því sem það á við hverju sinni, m.a. er varðar lyfjamál, meðferð deilumála og hlutverk og skyldur umboðsmanna íþróttamanna.

VI. KAFLI,

Heiðraðir

27. gr.

Ævifélagar.

Ævifélagar FRÍ geta þeir orðið, sem stjórn FRÍ samþykkir og greiða í sjóð ævifélaga FRÍ. Heiðursfélaga FRÍ má stjórn þess kjósa ef hún er einhuga um það.

28. gr.

Kosning heiðursformanns.

Heiðursformann FRÍ má frjálssíþróttþing kjósa ef einfaldur meirihluti af mættum fulltrúum er því samþykkur. Heiðursformaður FRÍ kemur fram f.h. FRÍ við tækifæri, sem stjórn eða formaður FRÍ kunna að fela honum. Heiðursformaður hefur seturétt á fundum stjórnar, með málfrelsi, en án atkvæðisréttar.

29. gr.

Heiðursmerki.

Heiðursmerki FRÍ er ferns konar: eir, silfur, gull og heiðurskross og veitast aðeins fyrir vel unnin störf í þágu frjálssíþróttar og má eigi veita árlega fleiri merki en sem hér segir:

- Eirmerki: mest 7 veitingar á ári.
- Silfurmerki: mest 5 veitingar á ári, og skulu líða minnst 4 ár frá veitingu eirmerkis.
- Gullmerki: mest 3 veitingar á ári og skulu líða minnst 4 ár frá veitingu silfurmerkis.
- Heiðurskross FRÍ er æðsta heiðursmerki FRÍ og skulu ekki fleiri en 5 einstaklingar bera hann samtímis.

Sé manni veitt æðra merki en hann þá ber, skal hann skila því er hann hafði. Heimilt er að veita erlendur ríkisborgurum merkið.

Stjórn FRÍ ákveður á stjórnarfundi, þar sem öll aðalstjórnin er mætt, hverja skuli sæma heiðursmerki á ári hverju, og um veitingu gullmerkis og heiðurskross verður öll stjórnin að vera sammála. Veiting heiðursmerkis FRÍ skal fara fram á stofndegi sambandsins 16. ágúst, á frjálssíþróttþingi eða við tilefni er stjórn FRÍ ákveður.

VII. Kafli.

Önnur ákvæði

30. gr.

Staðfesting Íslandsmeta.

Umsóknir um Íslandsmet og afreksmerki í frjálssíþróttum skal senda FRÍ til staðfestingar, ásamt skýrslu um afrekið og umsögn hlutaðeigandi sérráðs/ héraðssambands, skv. reglugerð þar að lútandi.

31. gr.

Vanhæfi.

Einstaklingi í trúnaðar- og ábyrgðastöðum innan sambandsins ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sá sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi á meðan staðgengill er ekki til staðar.

32. gr.

Tillögur um að leggja FRÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmaetu frjálssíþróttþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst 3/4 hluta atkvæða skráðra fulltrúa, með viðurkennd kjörbréf. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og skal stjórn FRÍ kalla til nýs þings. Með fulltrúakjöri sínu til þess þings taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan þá samþykkt aftur með 3/4 hluta atkvæða, er það fullgild ákvörðun um að leggja FRÍ niður. Ákveður það þing síðan hvernig ráðstafa skuli eignum FRÍ, en þeim má aðeins verja til eflingar frjálssíþróttar í landinu.

33. gr.

Gildissvið gagnvart öðrum lögum.

Ef ekki er samræmi á milli þessara laga og laga ÍSÍ eða laga IAAF skulu lög ÍSÍ og IAAF gilda.



VALITOR
Lausnir án landamæra

TOYOTA

